

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um sölu á eignarhlut ríkisins í Símanum.

1. *Hvert var umsamið kaupverð við sölu á eignarhlut ríkisins í Símanum? Hversu mikið af því var greitt, hvenær bárust greiðslur og í hvaða formi voru þær? Svar óskast sundurliðað.*

Samningur um sölu eignarhluta ríkisins í Símanum var undirritaður 5. ágúst 2005 og var söluverðið samkvæmt samningi 66.700 millj. kr. sem greiða átti í þremur tilgreindum gjaldmiðlum. Söluandvirðið var greitt í þremur gjaldmiðlum hinn 6. september 2005, þ.e. 34.506 milljónir ísl. kr., 310 milljónir evra (23.870 milljónir ísl. kr.) og 125 milljónir bandaríkjadala (7.717 milljónir ísl. kr.). Söluandvirðið var lagt inn á reikninga í Seðlabankanum.

2. *Var staðið í einu og öllu við gerðan kaupsamning af hálfu kaupenda við sölu á eignarhlut ríkisins? Ef ekki, hvaða skýringar gáfu kaupendur og hver varð staða þeirra gagnvart seljanda í kjölfarið?*

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um neinar vanefndir af hálfu kaupenda. Frávik frá efni upphaflegs kaupsamnings hafa verið með samþykki ráðuneytisins.

3. *Héldu kaupendur í einhverjum tilfellum eftir eignum án þess að greiða fyrir þær?*

Kaupverð samkvæmt kaupsamningi var greitt. Kaupendur greiddu fyrir allar þær eignir sem þeir fengu afsal fyrir. Í einhverjum tilvikum fékk félagið tímabundin afnot af landi ríkisins vegna þegar starfræktra fjarskiptamannvirkja og fjarskiptamastra á meðan þau eru nýtt með þeim hætti.

